

Strætó bs. (hér eftir nefnt Strætó) kt. 500501-3160, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum (hér eftir nefnt EYÞING), kt. 561192-2199, Strandgötu 29, 600 Akureyri, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

varðandi almenningssamgöngur

1. gr.

Meginefni og markmið samnings

Með samningi þessum er gert tvíhliða samkomulag milli ofangreindra samningsaðila, þ.e. á milli Strætó annars vegar og EYÞING hins vegar, fyrir hönd aðildarsveitarfélaga sinna.

Markmið með gerð samnings þessa er að skipuleggja og sjá um framkvæmd almenningssamgangna á milli þéttbýliskjarna á Norðausturlandi og tengingu þeirra við Akureyri og höfuðborgarsvæðið.

EYÞING, sem og farþegar, munu njóta tiltekinnar þjónustu Strætó eins og nánar er greint í samningi þessum.

Strætó mun þó hvorki annast akstur, sem um er fjallað í samningi þessum, né heldur verða verkkaupi gagnvart aðila, er akstur mun annast. Þvert á móti mun EYÞING verða verkkaupi gagnvart þeim verktökum sem annast munu aksturinn skv. skipulagi hverju sinni. EYÞING verður þannig samningsaðili gagnvart verktaka og standa ábyrg varðandi efndir samnings við hann, í einu og öllu, þ.m.t öllum samningsbundnum greiðslum til verktaka. Jafnframt verður slíkur samningur EYÞINGS við verktaka, hvort sem er í heild eða hluta, Strætó óviðkomandi, nema að því afmarkaða leyti sem samningur þessi kveður beinlínis á um.

2. gr.

Meginhlutverk Strætó.

Hlutverk Strætó gagnvart EYÞINGI er að veita þeim þá ráðgjöf sem þau óska varðandi samningsgerð við verktaka, eftir því sem við getur átt, t.d. gerð útboðsgagna, ráðgjöf við val á verktaka, ráðgjöf varðandi kröfur um búnað strætisvagna og þær kröfur er gerðar eru til viðkomandi þjónustu.

Einnig mun Strætó halda utan um upplýsingar er varða akstur verktaka fyrir EYÞING. Það er gert með sama fyrirkomulagi og gildir varðandi samninga Strætó við verktaka vegna aksturs á vegum fyrirtækisins, þó með vísan til samnings milli EYÞINGS og verktaka, t.d. varðandi einingarverð.

Ennfremur mun Strætó bs. tryggja farþegum á þjónustusvæði EYÞINGS aðgang að vögnum í leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu hafi farþegi til þess gild fargjaldaform eins og þau eru skilgreind af Strætó hverju sinni.

Í samningi þessum er gert ráð fyrir, að Strætó annist samskipti við verktaka varðandi akstur o.fl. með sambærilegum hætti og nú gildir gagnvart þeim verktökum sem aka í verköku fyrir Strætó.

EYÞING ákveður akstursleiðir og tímaáætlun, enda samningur við verktaka á þeirra ábyrgð, en Strætó veitir ráðgjöf varðandi leiðarkerfi og tímaáætlanir, eftir því sem óskað er.

Einnig mun Strætó veita farþegum upplýsingar og fyrirgreiðslu á sama hátt og öðrum farþegum á höfuðborgarsvæðinu. Umgjörð þjónustunnar skal vera með sama hætti og gerist almennt á þjónustusvæði Strætó, nema annað verði sérstaklega ákveðið og samið um milli aðila.

EYÞINGI verða einnig kynntar niðurstöður farþegatalninga, þjónustumælinga og kannana sem snerta þjónustuna á sama hátt og gert er gagnvart þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, enda hafi viðkomandi könnun eða mæling náð til þeirra akstursleiða sem samningur þessi lýtur að.

3. gr.

Greiðslur til verktaka

EYÞING mun sjálf annast greiðslur til verktaka. Fyrirkomulagið verður þannig, að Strætó gefur út mánaðarlega upplýsingar um akstur, uppreiknað einingaverð, frádrátt vegna bresta í þjónustu ef við á og heildarupphæð greiðslu frá verkkaupa til verktaka, allt samkvæmt fyrirliggjandi samningi milli verkkaupa og verktaka. Þessar upplýsingar verða sendar mánaðarlega bæði til viðkomandi verktaka og EYÞINGS.

4. gr.

Þóknun sveitarfélaganna til Strætó.

EYÞING greiðir Strætó þóknun fyrir þá þjónustu sem Strætó veitir samkvæmt samningi þessum. Þessi þóknun skal nema kr. 16.257.000 á einu almanaksári. Upphæðin skal taka breytingum skv. neysluvísitölu með sama hætti og verðlagsbreytingar eiga sér stað í aksturssamning. Strætó bs. mun senda reikning til EYÞINGS, þegar heildargreiðslur til verktaka, sbr. 3. gr. samnings þessa, liggja fyrir.

5. gr.

Fargjöld og fargjaldaform

Aðilar hafa það markmið að fargjöld og fargjaldaform á þjónustusvæði EYÞINGS muni mynda einsleitni við fargjöld og fargjaldaform Strætó eins og við verður komið hverju sinni, og að teknu tilliti til fjölda fargjaldasvæði sem ferðast er yfir.

Lagt er upp með að fargjöld (og öll fargjaldaform) á milli gjaldsvæða taki margfeldi af þeim gjaldsvæðum sem viðkomandi farþegi ferðast um. Þannig má t.d. nefna að farþegi greiðir aðeins eitt almennt fargjald innan eins gjaldsvæðis, en ferðist hann t.d. úr gjaldsvæði 1 á gjaldssvæði 3 kostar það þrefalt almennt fargjald og síðan fjórfalt í gjaldssvæði 4 o.s.frv.